

Samstarfsnefnd
Stéttarfélags sjúkraþjálfara annars vegar og
Grundar dvalar- og hjúkrunarheimilis og Áss Hveragerði hins vegar
gera með sér eftir farandi stofnanasamning um nánari forsendur og
reglur um röðun starfa við stofnunina

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara sem starfa hjá Grund og Ási.

2. Markmið og forsendur röðunar

Samkomulagið er byggt á eftirfarandi markmiðum með breyttu launakerfi:

- a) Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- b) Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.
- c) Að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn um að fastar greiðslu sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun.

3. Röðun starfa

07 Deildarsjúkraþjálfari
09 Aðstoðaryfirsjúkraþjálfari
11 Yfirsjúkraþjálfari

Röðun skv. ofangreindum starfsheitum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. gr.

4. Mat á einstökum þáttum

A. Starfsreynsla

Starfsmaður sem öðlast hefur reynslu í starfi sem sjúkraþjálfari skal hækka þannig:

Fagleg 5 ára starfsreynsla = 1 álagsþrep

Starfsreynsla á Grund og / eða Ási

Eftir 3 ár í starfi = 1 álagsþrep - á einungis við deildarsjúkraþjálfara.

Eftir 5 ár í starfi = 1 álagsþrep

Eftir 8 ár í starfi = 1 álagsþrep

Eftir 12 ár í starfi = 1 álagsþrep

B. Menntun

Starfsmaður sem lokið hefur formlegu framhalds- eða viðbótarnámi fær sína menntun metna þannig:

- a) Formlegt framhaldsnám:
 - Doktorspróf raðist 4 launaflokkum hærra en ella.
 - Masterspróf raðist 2 launaflokkum hærra en ella.

- Viðurkennt sérleyfi eða a.m.k. 15 eininga formlegt viðbótarnám raðist 1 álagsþrepi hærra en ella. Viðurkennt sérleyfi er t.d. handleiðslunám, leyfi landlæknis til nálastungumeðferðar.
 - Sjúkraþjálfari með sérfræðiviðurkenningu raðist 1 launaflokk hærra en ella.
- b) Viðbótarmenntun með námskeiðum sem nýtast í starfi:
- Námskeið 5 einingar = 1 álagsþrep
 - Námskeið 20 einingar = 1 álagsþrep
 - Námskeið 30 einingar = 1 álagsþrep

Ein eining telst nám sem talið er ígildi einnar viku í vinnu, þ.e. í kennslu, undirbúningi og skipulagðri þjálfun eða 12 kennslustundir þegar ekki er um samfellu að ræða. Einungis skulu metin samfelld námskeið eða námskeiðshlutar sem teljast ½ eining hið minnsta eða 6 kennslustundir.

5. Sérstakt tímabundið álag eða verkefni

Heimilt er að gera samning við starfsmann sem felur í sér tímabundið verkefni eða álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning um tímabundna hækkun launa.

6. Gildistími

Stofnanasamningurinn skal gilda frá 1. maí 2006 og kemur í stað eldra samkomulags frá 10. janúar 2003. Samningurinn gildir til 30. apríl 2008.

Reykjavík 28. júní 2006

F.h. Grundar og Áss,

F.h. Stéttarfélags sjúkraþjálfara,

Með fyrirvara um samþykki
framkvæmdastjórnar.

Bókun 1.

Röðun starfandi sjúkraþjálfara á Grund og í Ási má sjá á meðfylgjandi fylgiskjali nr.1. Inn í þá röðun hefur verið tekið tillit til þeirra starfsaldurs- og menntunarpáttanna sem sjúkraþjálfararnir hafa áunnið sér í starfi á Grund og í Ási. Frekari hækkunir eiga við þá þætti sem koma til viðbótar seinna.

Bókun 2.

Eldri ráðningakjör núverandi deildarsjúkraþjálfara gilda. Við nýráðningu gildir ofangreindur stofnanasamningur. Þetta þýðir að núverandi deildarsjúkraþjálfari raðast í 9 – 7. Nýr deildarsjúkraþjálfari grunnraðast í 7 – 1 og fær síðan metna menntunar- og starfsreynslu eftir því sem við á.

Bókun 3.

Þeir sjúkraþjálfarar sem eru í starfi við stofnunina í maí 2007 fá hækkun um eitt álagsþrep vegna menntunar eða annarra þátta sem nánar verða ræddir og útfærðir fyrir 1.mars 2007 sbr. fylgiskjal 1 í aðalkjarasamningi.

Bókun 4.

Föst yfirvinna yfirsjúkraþjálfara og aðstoðaryfirsjúkraþjálfara er 10 klst. á mánuði miðað við 100 % starf.

Bókun 5.

Vinnuveitandi leggur til hentugan klæðnað einu sinni á ári s.s. buxur og bol/peysu/jakka til notkunar þar sem störfin hafa mikið fataslit í för með sér.